



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Þórshamri
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 126/1296
komudagur 28.2.2001

Reykjavík 26. febrúar 2001
SG/gh

Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996:

Vísað er í bréf nefndarinnar frá 26. janúar sl. Landlæknir hefur nokkuð komið að þeirri vinnu sem til grundvallar frumvarpinu liggur. Ljóst er að tóbaksreykingar og afleiðingar þeirra verða einn af megin faröldrum þessarar aldar. Talið er að árlega deyi um 400 Íslendingar af völdum sjúkdóma sem rekja má til tóbaksnotkunar. Reykingar eru enn of tíðar á Íslandi og stefnt er að því að ná reykingatíðni niður fyrir 20% meðal fullorðinna á næstu 10 árum. Miklu máli skiptir að vinna í þá át hefjist sem fyrst. Frumvarpið sem hér um ræðir er góður áfangi á þeirri leið og er því mælt með að það nái fram að ganga sem fyrst.

Með bestu kveðju,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir